

STJÓRNARTÍÐINDI B 90 – 2004

22. júlí 2001

1525

Nr. 609

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Mosfellsbæ.

Teigahverfi – Tröllateigur 30-34 og Asparteingur 3-6.

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar samþykkti breytingu á deiliskipulagi lóðanna Tröllateigs 30-34 og Asparteigs 3-6, Mosfellsbæ, á fundi sínum þann 8. júní 2004.

Breytingin felst í því að lóð fyrir Tröllateig er stækkuð um lóð sem fyrirhugað var að reisa spennistöð á. Jafnframt er íbúðum í húsinu fjölgað um tvær. Byggingarreitur vegna útbyggingar á Tröllateig er stækkaður og honum breytt. Byggingarreitur Asparteigs er stækkaður.

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og heimilar Skipulagsstofnun auglýsingu hennar.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi við birtingu þessarar auglýsingar.

Þjónustusvæði við Baugshlíð.

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar samþykkti breytingu á deiliskipulagi þjónustusvæðis við Baugshlíð, Mosfellsbæ, á fundi sínum þann 8. júní 2004.

Breytingin er fólgin í að tveim þjónustulóðum er breytt í stofnanalóð fyrir íþróttamiðstöð. Á lóðinni má reisa tveggja hæða hús og er leyfilegt nýtingarhlutfall hennar 0,55. Núverandi Lækjarhlíð er færð til suðvesturs. Bílastæðum við leikskólann Hulduberg er fjölgað. Samkvæmt tillögunni mun koma hringtorg á gatnamót Baugshlíðar og nýrrar Lækjahlíðar. Tekið er frá land fyrir mislæga göngupverun.

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og heimilar Skipulagsstofnun auglýsingu hennar.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi við birtingu þessarar auglýsingar.

Mosfellsbæ, 22. júlí 2004.

F.h. bæjarstjórnar Mosfellsbæjar,

Tryggvi Jónsson bæjarverkfræðingur.

20. júlí 2001

Nr. 610

AUGLÝSING

um staðfestingu félagsmálaráðuneytis á sameiningu Hríseyjarhrepps og Akureyrarkaupstaðar í eitt sveitarfélag.

Með vísan til 95. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998, tilkynnir ráðuneytið að það hefur hinn 20. júlí 2004 staðfest sameiningu Hríseyjarhrepps og Akureyrarkaupstaðar, í umdæmi sýslumannsins á Akureyri, í eitt sveitarfélag.

Jafnframt hefur eftirfarandi verið ákveðið:

Sameining framangreindra sveitarfélaga skal taka gildi hinn 1. ágúst 2004.

Hið sameinaða sveitarfélag skal taka yfir allt það land sem nú tilheyrir áðurgreindum sveitarfélögum.

Íbúar beggja sveitarfélaga skulu vera þegnar hins sameinaða sveitarfélags.

Eignir, skuldir, réttindi og skyldur sem tilheyra sveitarfélögunum skulu falla til hins sameinaða sveitarfélags.

Skjöl og bókhaldsgögn beggja sveitarfélaganna skulu afhent hinu sameinaða sveitarfélagi til varðveislu.

Sérstök athygli er vakin á eftirfarandi:

Bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar fer með stjórn hins sameinaða sveitarfélags fram að almennum sveitarstjórnarkosningum árið 2006.

Kjóra skal ellefu fulltrúa í sveitarstjórn hins sameinaða sveitarfélags, sbr. 1. mgr. 12. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998.

Hið sameinaða sveitarfélag skal heita Akureyrarkaupstaður.

Félagsmálaráðuneytinu, 20. júlí 2004.

Árni Magnússon.

Guðjón Bragason.

REGLUGERÐ

um (2.) breytingu á reglugerð nr. 525/2004 um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á grænmeti.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á tilgreindum tímabilum, verð- og magntolli, vegna innflutnings á selju í 2. gr. reglugerðarinnar:

<i>Tollnúmer:</i>	Vara	Tímabil	Vörumagn kg	Verðtollur %	Magntollur kr./kg
0709.4000	Selja, önnur en seljurót	16.07.-15.08.04	ótilgr.	0	0
0709.4000	Selja, önnur en seljurót	16.08.-22.08.04	ótilgr.	0	138
0709.4000	Selja, önnur en seljurót	23.08.-30.09.04	ótilgr.	0	193

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 15. júlí 2004.

F. h. r.

Guðmundur B. Helgason.

Ingibjörg Ólöf Vilhjálmsdóttir.